

Fundargerð

Árið 2024, mánudaginn 13. maí kl. 10:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til rafræns fundar á Teams.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson, og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Elmari Björnssyni og Sigrúnu Dögg Kvaran, sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð frá 19. apríl 2024

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 19. apríl 2024.

Fundargerð frá 19. apríl 2024 var samþykkt án athugasemda.

2. Frumvarp um Grindavík

Forstöðumaður Jöfnunarsjóðs greindi frá því að búið sé að mæla fyrir frumvarpinu um Grindavík. Í frumvarpinu er kveðið á um að setja á laggirnar framkvæmdarnefnd yfir Grindavík en skipan hennar liggur ekki fyrir að svo stöddu.

3. Fasteignaskattsframlag

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu 2. áætlun fasteignaskattsframlaga vegna ársins 2024. Tillaga að áætluðu uppgjöri framlaganna á árinu 2024 byggir á upplýsingum frá Þjóðskrá Íslands um álagningarstofna fasteignaskatts í sveitarfélögum 31. desember 2023 ásamt upplýsingum um álagningaprósentur og upplýsingum sveitarfélaga um afslætti til elli- og örorkulífeyrisþega, sem gilda fyrir árið 2024.

Áætlað uppgjör er byggt á fjármagni til ráðstöfunar á árinu að fjárhæð 7.332.601.000 kr. Til greiðslu hafa komið 4.400 m.kr. og er áætlað uppgjör framlaganna fer fram mánuðina júní til september 2023 með jöfnum greiðslum samtals að fjárhæð 2.933 m.kr. eða 977.7 m.kr. í hvert sinn. Heildarfjárhæðir

framlagsins verða teknar til endurskoðunar þegar greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins verður tekin til skoðunar síðar á árinu.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að leggja til við ráðherra að samþykkja 2. áætlun fasteignaskattsframlaga vegna ársins 2024 að fjárhæð 7.332.601.000 kr.

YFIRFÆRSLA MÁLEFNI FATLAÐS FÓLKS

4. Endurskoðun á regluverki fatlaðs fólks

Starfsmaður Jöfnunarsjóðs fór yfir endurskoðun á regluverki fatlaðs fólks. Í kjölfar síðasta fundar var Gunnar Haraldsson frá Intellecton og fv. forstöðumaður Hagfræðistofnunar HÍ fenginn til ráðgjafar. Regluverkið sé flókið í fyrirkomulagi en verið sé að skoða möguleika á einföldun þess. Núverandi fyrirkomulag gerir ráð fyrir að 10,75% þess heildarjármagns sem til ráðstöfunar er, 1,69% útsvarsstofns, sé úthlutað á grundvelli eigin útsvars en við lok útreikningsins er dregin frá eiginjármögnun sveitarfélaga (0,25% útsvarsstofns eða tæp 15% heildarframlags). Þannig er útsvarsstofn bæði grunnur framlaga en einnig frádráttar í útreikningunum. Ræddar voru leiðir til einföldunar á þessu fyrirkomulagi svo útreikningur framlaganna yrði gegnsærri. Þá var svokallað innviðaframlag rætt en það er afar lágt eða 1,25% heildarframlaga og hefur ekki gagnast sem hvati til samvinnu sveitarfélaga.

Stefnt er á að koma með mótaðar tillögur að nýju regluverki fatlaðs fólks í ágúst enda brýnt að mótað fyrirkomulag framlaganna liggi fyrir áður en fyrsta áætlun ársins 2025 verður gefin út.

5. Dagskrá ferðar ráðgjafarnefndar 2024

Farið var yfir drög að dagskrá ferðar ráðgjafarnefndar sem farin verður 4.-6. júní. Fundað verður með sveitarfélögum í Eyjafirði, Þingeyjasveit og Norðurþingi. Farið verður í heimsókn á Þórshöfn og Vopnafjörð.

Önnur mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 11:28.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir